

Mánudaginn 15. janúarmánaðar.
Nr. 60/1893:

Hið opinbera
gegn

Gísla Jónssyni, Benedikt
Pálssyni og Jóhannes Hansen.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkur 27. nóv. f. á. voru hinir kærðu, búarmaður Gísli Jónsson sem formaður fjelagsins »Artemis«, Benedikt prentari Pálsson sem formaður ungttemplarastúku Goodtemplarafjelagsins og verzlunarstjóri Jóhannes Hansen sem formaður Verzlunarmannafjelags Reykjavíkur, dæmdir fyrir brot gegn helgidagatilskipuninni 28. marz 1855, 9. gr., ís kr. sekt hver til fátækra sjóðs Reykjavíkur og til að greiða kostnað málsins hver að þriðjungi. En dómi þessum er eptir ósk hinna kærðu áfrýjað til yfirdómsins.

Það skal þegar tekið fram, að þó að 1. yfirdómari Kristján Jónsson. hafi sem settur amtmaður fyrirskipað málshöfðun þessa, til þess að skorið yrði úr því með dómi, hvort brotið hafi verið gegn helgidagatilskipuninni, 9. gr., þá hefur hann eigi þar fyrir haft þau afskipti af málinu, að ástæða sje til, að hann víki úr dómarsæti í því, eins og krafizt hefur verið af hálfu hinna kærðu.

Samkvæmt eigin játningu hinna kærðu, sem hafa kannazt við að vera rjett stefndir til að svara til sakar fyrir fjelög þau, er þeir eru formenn fyrir, hjelt fjelagið Artemis og ungttemplarastúka Goodtemplarafjelagsins dansleiki laugardagskvöldið 28. okt. f. á., og var dansleikur fjelagsins Artemis í privathúsi hjer í bænum og stóð fram á sunnudagsnóttina, en dansleikur ung-

templarastúkunnar var haldinn í samkomuhúsi Goodtemplara hjer í bænum, og stóð til miðnættis. Sömu-leiðis hjelt Verzlunarmannafjelag Reykjavíkur dansleik laugardagskvöldið 11. nóv. f. á. á hotel »Reykjavík« hjer í bænum, er stóð fram á sunnudagsnóttina. Í öllum dansleikjunum tóku að eins þátt fjelagsmenn sjálf-ir og gestir þeirra. Með því nú að það er bannað í 9. gr. helgidagatilskipunarinnar að halda nokkra dansleiki daginn fyrir sunnu- og helgidaga lengur en í mesta lagi þangað til einni stundu fyrir miðnætti, og eigi virðist hægt að leggja þann skilning í orð laganna, að þar sje eigi einnig átt við dansleiki, er fjelög halda handa meðlimum sínum einum, þá er það rjett, að undirdómurinn hefur dæmt hina kærðu í sekt fyrir helgidagsbrot, og með því að upphæð sektarinnar þykir hæfilega ákveðin í undirrjettardóminum og ekkert er að athuga við málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta dóminn í heild sinni. Svo ber kærðu og að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af áfrýjun máls-ins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í hjeraði athugast, að brot þau sem ræðir um í málinu, og sem ekki stóðu í neinu sambandi hvort við annað, átti að fara með og dæma hvert út af fyrir sig í máli sjer, og var ekkert, sem rjettlætti afbrigði frá almennum rjettarfarsreglum í því tilliti. Þó hefur eigi þótt ástæða til að ómerkja dóm-inn af þeim sökum. Að öðru leyti hefur rekstur máls-ins verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-raskaður. Hinir kærðu Gísli Jónsson, Benedikt Pálsson og Jóhannes Hansen greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og setts yfir-rjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 54/1893:

Rjettvísín
geg
Magnúsi Ólafssyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt, að útvegaðar sjeu þær skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort ákærði hafi búizt við að geta endurborgað lánin út á ábyrgðarbrjefin og á hverju hann hafi byggt þá von sína.
2. Hvort ákærði hafi sumarið 1892 átt nokkurn fisk, og ef svo er, hve mikinn og hvers virði, og hvað hann hafi gjört við hann.
3. Hvort Hermann Jónsson hafi greitt Knudtzons verzl-